



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

11. stjórnarfundar EBAK 21. apríl 2021

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Birgir Svavarsson, Eva B Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson og Friðrik Vagn Guðjónsson.

Fjarverandi:

1. Fundarsetning kl. 13:00.
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.
3. Viðvera. Engin viðvera hefur verið frá síðasta stjórnarfundum vegna sóttvarna takmarkana. Úlfhildur og Eva byrja aftur 28. apríl í Bugðusíðu, 5. maí verður Sigurður í Bugðusíðu, 12. maí Garðar og 19. maí Hallgrímur. Viðvera í Víðilundi sem stefnt er að hafa fyrsta dag í mánuði verður frestað fram á haust.
4. Næsti stjórnarfundur. Tillaga um 19. maí en mögulega flýtt til 12. maí. Samþykkt.
5. Frá síðasta stjórnarfundum:
 - a) Hallgrímur hitti fulltrúa EBAK í Öldungaráði 26. mars. Farið var yfir heimasíðu Akureyrarbæjar og styrk frá Félagsmálaráðuneytinu til sveitarfélaga til málefna aldraðra. td. til tölvunáms og heilsueflingar.
 - b) Opin teams fundur LEB 7. apríl vegna könnunar á hag og líðan aldraðra.
 - c) Fundur með fulltrúum í Öldungaráði ásamt Evu Hrund og Bjarka úr Víðilundi þann 20. apríl vegna vinnu við aðgerðaráætlun. Megin áhersla aðgerðaráætlunarinnar er heilsuefling. Akureyrarbær þarf að ráða starfsmann til að halda utan um áætlunina. LEB fær styrk frá ÍSÍ til heilsueflingar og þeim aðgerðum verður stýrt frá ÍSÍ í hverju sveitarfélagi. Aðgerðaráætlunin nær til tveggja ára. Einnig var rætt um mat í félagsmiðstöðum og heimsendingum, verð og næringagildi.
6. Landsfundur EBAK 26. maí á Selfossi. Gögn um fundinn hafa borist. EBAK á rétt á 7 fulltrúum. Reiknað með að aðalmenn í stjórn verði fulltrúar.
7. LEB blaðið og afsláttarskrá. Blaðið verður til afhendingar eftir Landsfundinn.
8. Undirbúningur aðalfundar. Fundinum hefur verið frestað vegna sóttvarnaaðgerða.

Ekki er vitað hvenær verði hægt að halda fundinn:

- a. Farið yfir gátlista. Frestað til næsta fundar.
- b. Undirritun reikninga 2020.
- c. Ályktun. Hallgrímur lagði fram ályktun sem lögð verður fyrir aðalfundi EBAK.

9. Samningur við Akureyrarbæ. Búið gera drög að samningi en eftir að samþykja hann og undirrita.

10. Önnur mál.

Sumaropnun verður kl. 9:00-13:00 alla virka daga í báðum félagsmiðstöðvum og kl. 13:00-15:45 á mánudögum og miðvikudögum í Bugðusíðu og á sama tíma á þriðjudögum og fimmtudögum í Víðilundi.

Símey verður með starfslokánámskeið fyrir FSA 27. maí. EBAK verður með erindi á þessu námskeiði.

11. Fundarslit kl. 14:35.

Garðar Lárusson ritari.